



Fréttabréf

Íslenska bútaásumsfélagið

Útgefandi Íslenska bútaásumsfélagið, Varsabær 7, 110 Reykjavík
2. tbl. 15. árgangur 2015



Fatalitir

Líka fyrir
GERFIEFNI!



Sharpie - tússpennar

Mikið úrval

Litabækur fyrir
Fullorðna og
Kortagerð

Margar gerðir

Núna aftur opið á
Laugardögum kl 11-15


Föndurlist

S. 553-1800 / Holtagarðar / 104 Reykjavík / www.fondurlist.is



Efnisyfirlit

Ágætu félagar	3
Dagskrá 2015-2016	4
Guðrún Skúladóttir	5
Handverk í nyrstu bygðum.....	6
Hver er Ásta Kristjónsdóttir?	8
Sprettur 2015	9
Bútasaumsýning í Kakalaskála.	10
Foreldraminning	12
Nýir eigendur Quiltbúðarinnar.....	13
Teppin mín	14
Snjó Kornapúði.....	15
Bjálki 2015	18
Sýningin í Birmingham 2015.....	20
Ástríða í tónlist	22
Reykjanesið stórbrotna	24
Skýrsla formanns.....	27



Teppið á forsiðu: Stærðin er 90 x 100 cm og er saumað af Önnu Maríu Sveinsdóttur.

Teppið á baksíðu: Stærðin er 150 x 190 cm og er saumað af Margréti Óskarsdóttur.

Útgefandi: Íslenska bútasaumsfélagið

Ábyrgðarmaður: Ragnheiður Björnsdóttir

Ritnefnd: Margrét Óskarsdóttir
margretoskars@simnet.is

Svala K. Stefánsdóttir

Guðbjörg Helga Sigurðardóttir

Heimilisfang: Vorsabær 7, 110 Reykjavík

Sími: 554 4109

Heimasíða: www.butasaumur.is

Facebook: Íslenska Bútasaumsfélagið

Netfang: fingurbjorg@gmail.com

Umbrot: Davíð Gunnarsson

Prentun: Leturprent

Ágætu félagar

Síðasta starfsári lauk og nýtt hófst með sýningunni Bjálkinn í Perlunni síðastliðinn maí. Sýningin var vel sótt og yfir 3.000 manns skrifuðu nafn sitt í gestabókina. Sýnd voru verk félagsmanna af öllu landinu.

Sá háttur var hafður á að dregin voru út 50 nöfn af handahófi úr félagatalinu og dreifdust nöfnin vel um allt land. Hlutverk þeirra var að velja 1 til 3 verk á sýninguna, sitt eða annarra. Þetta tókst mjög vel og var sýningin ótrúlega fjölbreytt miðað við forsendur sem voru þær að í verkinu væri blokkinn bjálkakofi (*e. log cabin*).

Nokkur verk komu frá félagskonum vítt og breytt af landinu og er þeim þakkað sérstaklega fyrir þeirra framlag.

En það olli stjórninni nokkrum vonbrigðum að konur á landsbyggðinni svöruðu sérstaklega illa þessari málaleitan félagsins og er það stjórn verulegt áhyggjuefni að þær vilja ekki taka meiri þátt í félagsstarfinu þegar tækifæri gefst.

Kostnaður við félagsstarfið er töluverður. Félagsgjaldið nægir til að gefa út blað tvisvar á ári. Allt annað verða félagsmenn að greiða sérstaklega fyrir s.s. félagsfundi og ferðir sem farnar eru á vegum félagsins. Á Bjálkasýningunni var haldin hlutavelta til að hafa upp í kostnað við sýninguna. Gekk það vonum framar og varð tölverður hagnaður af henni. Sá hagnaður verður notaður á næsta starfsári til að fá kennara erlendis frá til að kenna félagsmönnum eitthvað nýtt og spennandi.

Að þessu sinni var mjög erfitt að ná tilskyldum fjölda tónlistarverka fyrir samkeppni EQA, samtök evrópskra bútasaumsfélaga. Þess vegna varð EQA fulltrúi félagsins að sauma þrjú verk sjálfur. Er það alls ekki ætlunin að svo sé. Þess ber þó að geta að þrjár félagskonur sendu inn verk sem aldrei höfðu tekið þátt í EQA verkefni áður, sem var mjög gleðilegt. Ég tel að þessi litlu stykki séu mjög góður vettvangur fyrir nýliða að spreyta sig á. Það er von mín að næsta verkefni höfði til stærri hóps og verði fjölbreytt. Þemað er kveðja frá Íslandi. (sjá nánar augl. á bls. 23).

Framundan er spennandi starfsár sem félagarnir einir geta haft áhrif á og lagt inn hugmyndir um verkefni sem stjórnarinnar er síðan að framkvæma. Stjórn félagsins mun leitast við að gera sitt besta í að uppfylla óskir félagsmanna svo hikið ekki við að láta í ykkur heyra.

Bestu kveðjur

Ragnheiður Björnsdóttir, formaður

Dagskrá 2015-2016

23. september, 2015

Fræðsla. Crazy-quilt.
Sagt frá sýningu í Birmingham.
Jólasamkeppni kynnt.
Þema Birta/ylur 40x40.
Þema jólagjafar kynnt.
Sagt frá næsta EQA verkefni.
Happadrætti.
Sýnt og sagt frá Crazy-quilt verkum.

21. október, 2015

Fræðsla, nánar í tölvupósti og á heimasíðu.
Klúbbakynning.
Happadrætti.
Sýnt og sagt frá.

18. nóvember

Jólafundur.
Hugvekja.
Sýnt og sagt frá. Koma með jólaverk, segja af hverju verkið varð til og hvenær það var saumað.

Kaffihlé.
Samkeppni kynnt og verðlauna-
afhending. Þema: Birta/ylur
40 x 40 cm. Litaval frjálst.
Jólapakkur: Bútasaumstengt.

Sunnudaginn 29. nóvember

Bútasauksmessa kl. 11:00 í Áskirkju.
Nánar um það með tölvupósti og á heimasíðu.

Laugardaginn 23. janúar

Saumafundur. Verkefni nánar tilkynnt með tölvupósti og á heimasíðu.
Verslun á staðnum.

17. febrúar, 2016

Fræðsla.
Klúbbakynning.
Sýnt og sagt frá.
Happadrætti.

9. apríl, 2016

(Dagsetning gæti breyst)
Aðalfundur.
Nánar auglýst í vorblaði og með tölvupósti.

30. apríl, 2016

Vorferð.

19. júní, 2106

Evrópski bútasauksdagurinn
Kynning á bútasauk. Nánar í vorblaði.

Stjórn áskilur sér rétt til breytinga á dagskrá.

Námskeið

Á sýningunni „Bjálkinn“ sl. vor var haldin hluta-
velta til að fjármagna kostnað við sýninguna.
Það gekk vonum fram og af henni varð tölverður
hagnaður sem stjórn ÍB hefur ákveðið að verja til
að fá erlendan kennara til landsins.

Í tengslum við aðalfundinn í vor verða tvö
námskeið fyrir lengra komna á ensku, (útskýringar
á íslensku). Enn er ekki búið að ákveða kennara og
mun verða sendur út tölvupóstur um námskeiðin
fljótlega. Tilkynna þarf þátttöku og greiða staðfest-
ingargjald fljótlega eftir það. Einnig verður eitt
námskeið fyrir byrjendur á íslensku.

Jólasamkeppni

Á jólafundinum 18. nóvember verður jólasam-
keppni. Þemað verður Birta/ylur, litaval
frjálst, stærð 40 x 40 cm. Engin binding. Upphengi
10 cm á bakhlið, 1 cm frá hvorri brún.

Tilkynna þarf þátttöku með tölvupósti til finn-
bogadottir@gmail.com fyrir 1. nóvember.

Verkin þurfa að vera merkt á bakhlið með heiti
verks, nafni höfundar og jólasamkeppni 2015.

Verkin verða hengd upp til sýnis á jólafund-
inum og sérstök dómnefnd velur verðlauna-
verk. Einnig velur salurinn verk að sýnu skapi.
Verðlaunaveiting.

Vertu með okkur á

<http://www.facebook.com/butasaukur>

facebook®

Guðrún Skúladóttir

Fyrir um það bil 20 árum heimsótti Guðrún Austurblokkina, sem er bútaumsklúbbur hér í Reykjavík, en systir Guðrúnar var og er félagi í þessum klúbb. Á þessum tíma var Guðrún í fullu starfi og því var ekki mikill tími fyrir handavinnu, en allskonar fönður og handavinna var samt sem áður alltaf á dagskrá og smájókst. Fyrir réttum 6 árum veiktist hún alvarlega og missti vinnuna í framhaldi af veikindunum. Þegar hún var rétt búin að ná sér af þessum veikindum árið 2010 veiktist hún af krabbameini og er enn í meðferð við því.

Austurblokkinn bauð henni að ganga í klúbbinn og þáði hún það því það er nauðsynlegt að hafa eitthvað fyrir stafni og ekki verra að það sé bútaumur sem hún hefur alltaf haft gaman af. Guðrún



Falleg fjáðrastunga.



Barnateppi.

stakk til að byrja með í sinni saumavél, en það var fljótlega sem hún fór að velta fyrir sér að fá sér stærri vél til að stinga og þegar auglýst var ein vél til sölu hér á landi sló hún til. Guðrún stingur aðallega eftir munstrum, en hefur ekki mikið lagt fyrir sig að stinga fríhendis. Hún notar eingöngu bómullartvinna, þar sem hún er að vinna með bómullarefni.

Bílskúrin var lagður undir starfseminu en samt vildi hún gjarnan hafa

meira pláss. Stunguvélin, saumavélar, efni, stykki í vinnslu og fleira, allt þarf þetta sitt pláss.

Guðrún segir að þessi vinna hafi hjálpað sér í veikindunum sem og saumaskapurinn. Hún vinnur þegar hún getur og að hafa eitthvað fyrir stafni er hennar þerapía. Guðrún á stóra fjölskyldu og stóran vinahóp sem haldið hefur utan um hana og stutt við bakið á henni.

Guðrún er á Facebook. Slóðin er „Grunquilting“.

Margrét Óskarsdóttir



Teppi í vinnslu.



Guðrún við vélinu.



Fallegur púði.

Handverk í nyrstu byggðum



Handskrifadar könnur Oddnýjar.

Í litlu samfélagi eins og í Árneshreppi á Ströndum er ekkert stokkið út í búð og keypt það sem vantar eins og hægt er í hinum þéttari byggðum. Handverk er mikið í hreppnum miðað við fólksfjölda og handverkssala er í Handverkshúsinu Kört sem einnig er minjasafn. Mjög gaman er að heimsækja Kört en þar er mikið af fallegum hlutum frá forni tíð. Ýmsa fallega muni úr renndu tré er hægt að kaupa þar og svo er auðvitað þrjónlesið sem er nauðsynlegt fyrir ferðamanninn. Einnig er selt handverk frá heimamönnum í kaupfélaginu.

Í Árneshreppi er ekki margt fólk yfir vetrartímann en þegar fer að sumra margfaldast íbúafjöldinn því fjölskyldur þeirra sem hafa flutt burt af þessum slóðum eftir að síldin hvarf hafa gert upp hús á svæðinu og dvelja þar yfir sumartímann. Einnig er sveitin eftirsóttur staður ferðamanna bæði innlendra og erlendra, og á góðum helgum hafa viðkomu í sundlaug staðarins mörg hundruð manns.

Árneshreppsþúar hafa verið óragir í gegnum tíðina að fá til sín leiðbeinendur til að kenna sér ýmisskonar handverk



Dúkur með útsaumi og bútasaumi eftir Oddnýju.

eins og bútasaum, útskurð, postulinsmálun, glervinnslu og leirgerð. Kvenfélagið í hreppnum keypti brennsluofn

þar sem hægt er að brenna leir, postulín og gler. Ég kom á tvö heimili þar sem ekki voru aðeins málaðar könnur, skálar



Leirhús eftir Oddnýju.

og vasar heldur hafði verið málað jólamatarstell.

Ég tók hús á tveimur handverkskonum í hreppnum. Önnur er Ágústa Sveinbjörnsdóttir sem býr í Norðurfirði og er komin yfir áttætt. Hún þrjónar enn og saumar fyrir afkomendur og ferðamenn. Hún sýndi mér það fáa sem hún er ekki búin að gefa eða selja

og læt ég fylgja með mynd af rúmteppinu hennar sem ég hafði mjög gaman af, sérstaklega vegna þess að það er varla hægt að sjá tvo búta úr sama efni.

Hin konan er Oddný Þórðardóttir á Krossnesi sem vildi nú gera sem minnst úr sínu handverki, en var samt nýkomin frá Skals í Danmörku þar sem hún nam hannyrðir í 7 vikur. Það er nú



Handverkssala.

draumaferð okkar handverkskvenna að eiga stundir þar. Dúkur Oddnýjar þar sem hún blandar saman bútasaumi og útsaumi er virkilega fallegur.

Oddný málar líka á postulín og margir hafa fengið könnur og diska í gjafir frá henni. Ég fékk að taka myndir af jólamatarstellinu hennar.

Skemmtilegt var að sjá prufu þar sem 3 ára sonardóttir hennar teiknaði rós á blað og sendi ömmu sinni til Skals en amma hennar útfærði síðan í útsaum og bróderaði í vasa á flík sem hún saumaði á Skals. Þetta getum við bútasaumskonur nýtt okkur; notað list barnanna til að fá nýjar víddir í bútasauminn.

Svala Stefánsdóttir



Teppi eftir Ágústu.



Jólstell Oddnýjar.

Hver er Ásta Kristjónsdóttir?

Ásta er venjuleg útvinnandi húsmóðir á besta aldri búsett á Seltjarnarnesi. Aðspurð hvort hún hafi ævinlega haft áhuga á handverki segir hún:

Ég saumaði og prjónaði töluvert á krakkana mína fyrir nokkuð mörgum árum, sem sagt þegar þau voru minni, en þau eru alltaf litlu börnin mín, þótt þau séu töluvert stærri en ég í dag.

Ein samstarfskona mín á árum áður, Hrafnhildur Svavarsdóttir, saumaði mikið og fylgdist ég grannt með fallegum verkum hennar. Mér fannst hún rugluð að vera rífa niður efni til að sauma saman aftur. Eins fátíðlegt og fótþótt, að hlaupa á eftir leðurtuðru og loksins þegar þú náðir henni sparkaður þú henni í burtu.

Hvenær byrjaði áhugi þinn á bútasaum?

Sennilega byrjaði hann í kringum 2005. Samstarfskonur mínar, Anna María og Sigrún, voru að koma með fallegu verkin sín til að sýna okkur. Síðan var það að við fórum konurnar í vinnunni eina helgi í sumarbústað þar sem þær Anna María og Sigrún undirbjuggu og kynntu fyrir okkur Hexagon-aðferðina. Það var teiknað, klippt, þrætt og saumað saman,



Ásta og teppið.

voða gaman. Ég held að þetta hafi verið byrjunin, því áhuginn var svo mikill að ég hætti ekki fyrr en barnabörnin mín, sem voru þá reyndar bara 2, voru búin að fá falleg rúmteppi með Hexagon-aðferðinni og allt handsaumað.

Fljótlega eftir þessa helgi, skráðum við okkur í Thimbleberriesklúbbinn hjá Virku þar sem við fengum senda mánaðarlega pakka með efnum. Áhuginn magnaðist og helgardvöl á Hótel Örk gerði útslagið, nú varð ekki aftur snúið.

Og áhuginn jókst ...

Áhuginn var svo mikill til að byrja með að nokkrir daga sem ég átti eftir af sumarfríi frá fyrra ári voru notaðir til að sauma. Þegar bóndinn fór til vinnu, stökk ég fram úr rúminu og settist við saumavélina, vildi sko ekki láta hann sjá hvað ég væri biluð að setjast við saumavélina kl. 7 á morgnana og vera í sumarfríi.

Applikering tók huga minn

Mér finnst mjög gaman að applikera. Heillaðist af gömlu teppi sem ég sá í Virku. Það var mikið applikerað. Þetta verkefni var víst á námskeiði á Hótel



Rauður fugl.



Blár fugl.

Örk löngu fyrir mína tíð og ákvað ég að þetta teppi ætlaði ég að gera og hafa sem æviverkefni, en mér fannst þessi vinna svo skemmtileg að ég lauk við teppið á 3 mánuðum.

Hvaða litir höfðu mest til þín?

Ég er jarðbundin manneskja og finnst jarðlitir því fallegastir og nota þá í flestum verkum mínum.

Hvað verk hefur þér fundist skemmtilegast að vinna?

Skemmtilegasta verkið sem ég hef unnið er verkefni sem var á Örkinni, sennilega annað árið sem ég fór þangað, en þá áttum við að koma með búta af okkar

efnum en vissum ekki meir. Guðfinna í Virku kom með grunnefni og sniðið, sem var applikeraðir fuglar í miðjunni og síðan 44 6 tommu blokkir (með okkar bútum), engin eins, í kring. Við saumuðum allar fyrstu blokkina á föstudagskvöldinu og setti Guðfinna þær upp á „wonderwall“, og fannst mér ótrúlegt hvað blokkirnar voru ólíkar en sniðið það sama. Þarna lærði maður heilmikið að setja saman liti, því ég gerði sumar blokkirnar nokkrum sinnum til að fá rétta litasamsetningu.

Hvað er það sem gerir bútasauminn svona heillandi?

Það er yndislegt að geta sest inn í sauma-

herbergi eftir vinnudag, fletta blöðum í rólegheitum og velta fyrir sér hvað ég ætti að gera næst, reyndar eru allt of mörg verkefni í gangi hjá mér í einu, en það er bara skemmtilegt og alltaf er skemmtilegt að byrja á einhverju nýju.

Veggteppið í vinnunni

Sagan á bak við veggteppið í vinnunni er sú að ákveðið var vegna plássleysis að færa deildina mína niður á næstu hæð, þar sem var vítt til veggja og hátt til lofts, margir auðir veggir, sem við fengum reyndar listaverk á. Ég rakst á mynd á internetinu og fannst hún alveg tilvalið verkefni fyrir veggteppi til að gera stóru hvítu veggina mýkri og hlýlegri. Mér fannst vanta smálit á veggina og upplagt að setja þar stafi, þar sem fyrirtækið heitir Stafir, og greinar. Það var það sem ég sá út úr þessari mynd á vefnum. Ég applikeraði síðan fugla á greinarnar og tákna þeir okkur starfsfólkið hjá fyrirtækinu.

Samvinnusaumaskapur

Þessa dagana er ég í samvinnusaumaskap með nokkrum konum. Við erum að sauma „New Sampler“ teppi eftir Lynne Edwards. Við hittumst mánaðarlega og er það mjög skemmtilegt verkefni, mikil handavinna er í sumum blokkunum og margar nýjar aðferðir sem þarf að læra.

Margrét Óskarsdóttir

Sprettur 2015

Nú á haustmánuðum fer bútasaumsfólk að strjúka efnin sín, hittast og spá í verkefni vetrarins. Sprettur Austurlandi hittist í fyrsta skipti 6. september. Þar mættu 13 hressar konur og saumuðu, stungu, borðuðu, hlóu og var Gaman Gaman.

Kveðja, Erna Nielsen



Falleg karfa.



Jórunn og Guðrún.



Gæsirnar hennar Jórunnar.

Bútasaumssýning í Kakalaskála



Efri röð frá vinstri: María Guðmundsdóttir, Anna Pála Þorsteinsdóttir, Helga Friðbjörnsdóttir og Þórdís Friðbjörnsdóttir. Nedri röð frá vinstri: Ingibjörg Sigfúsdóttir, Svanhildur Pálsdóttir og Anna Kristinsdóttir.



Í Skagafirði er starfandi bútasaumsklúbbur sjö vinkvenna sem haldið hafa hópinn lengi. Hópin myndu þær Anna Kristinsdóttir, Hjalla í Blönduhlíð, Anna Pála Þorsteinsdóttir, Saudárkróki, Helga Friðbjörnsdóttir, Varmahlíð, Ingibjörg Sigfúsdóttir, Álftagerði, María Guðmundsdóttir, Kringlumýri, Svanhildur Pálsdóttir, Stóru-Ökrum og Þórdís Friðbjörnsdóttir, Varmahlíð.

Upphaf klúbbsins má rekja til þess að við fórum allar á bútasaumsnámskeið til Helgu sem var lengi handmenntakennari í Varmahlíðarskóla. Allar kolféllum við fyrir bútonum svo að ekki varð aftur snúið og höfum haldið hópinn síðan með Helgu sem guðmóður klúbbsins. Við höfum aldrei gefið klúbbum neitt nafn. Það er nauðsynlegt að vera í svona



félagsskap, hann gefur svo mikið. Oft fer mikill tími hjá okkur í að ráðlegga hver annarri, skoða og meta o.s.frv. Í vetur hittumst við vikulega, á Löngumýri, þeim góða stað. Við höfum líka farið saman á mörg bútasaumsnámskeið, ekki hvað síst á Löngumýri, hjá Krístrúnu Geirsdóttur sem rak Quiltbúðina á Akureyri. Krístrún, sem því miður féll frá fyrir skömmu, langt um aldur fram, var mikill eldhugi í bútasaumi og átti auðvelt með að hrifa konur með sér. Við minnumst hennar með miklu þakklæti.

Gegnum árin erum við búnar að sauma æði mikið en trúlega eigum við minnst af því sjálfar, oftast er stykkið gefið um leið og það er tilbúið, það er svo skemmtilegt.

Við höldum sýningu fyrir 10 árum, þá á Sauðárkróki. Þegar við áttuðum okkur á því að 20 ára afmælið nálgadist var ákveðið að setja aftur upp sýningu. Í þetta skipti var sýningin í Kakalaskálanum, sem ein úr hópnum, María, á ásamt eiginmanni sínum, Sigurði Hansen. Skálinn, sem er ca. 10 km frá Varmahlíð, er skemmtilegur sýningarsalur og hélt vel utan um sýninguna. Þetta var ekki

sölusýning, allt sem sýnt var er í einka-eigu.

Sýningin var opnuð á sumardaginn fyrsta og var opin nokkrar helgar. Aðsókn að henni var afbragðsgóð og gestirnir, sem komu hvaðanæva að, voru mjög ánægðir með hana og einnig framtakið. Við tengdum sýninguna Sæluviku

Skagfirðinga, sem er árlegur viðburður. Þá er boðið upp á margs konar viðburði, stóra og smáa og sýningin féll vel inn í viðburðaflórana. Við vinkonurnar erum mjög ánægðar með hvernig til tókst og þakklátar öllum gestunum okkar.

Þórdís Friðbjörnsdóttir



Foreldraminning

Hugmyndin að teppinu Foreldraminning kom eftir að ég hafði lengi velt því fyrir mér hvað ég gæti gert til að minnst foreldra minna á verðugan hátt. Bæði voru mikið fyrir handverk. Mamma hafði verið á húsmæðraskóla og unnið þar marga fallega muni og man ég hana sjaldan öðruvísi en með eitthvað á prjónunum eða fallegan útsaum á milli handanna. Allan fatnað saumaði hún á okkur systkinin lengi vel. Á miðjum aldri lærði hún til sjúkraliða og vann við það starfsævina á enda. Pabbi var lærður smiður og smíðaði nánast hvað sem var, allt frá húsum og húsgögnum til leikfanga og síðari hluta ævinnar smíðaði hann hljóðfæri, fiðlur og langspil.

Ég byrjaði á að sauma grunninn og lagði svo stykkinu, án þess að vera viss um hvað ég ætlaði að gera næst. Teppið er unnið af fingrum fram og liggur því engin sérstök hönnun að baki því. Oft lenti ég í vandræðum og var lengi að greiða úr þeim.

Í teppið nota ég ýmisskonar efni, s.s. afganga og gamlar tauservéttur, silkisiffon, blúndur og milliverk. Allt efni sem ég átti í förum mínum frá okkur báðum, mér og mömmu. Myndirnar vann ég með aðstoð tölvu. Silkisiffon er yfir myndunum og blúndurammur í kring. Ég vildi með því hlífa þeim og ná mýkri áferð á teppið.

Nafnið Foreldraminning er saumað með bláu silkigarni. Á köntunum er útsaumað mynstur sem ég klippti af gömlum slitnum dúk, sem mamma saumaði og var mikið notaður. Einnig klippti ég lauf af hálsklút (hún notaði þá daglega seinustu árin) og saumaði á teppið. Tvo enda af bindum úr eigu pabba klippti ég og saumaði á teppið. Þá notaði ég líka útsaumað horn af koddaveri vöggusetts sem mamma saumaði og gaf mér. Teppið merkti ég með stöfunum mínum, klipptum úr gömlu slitnu koddaveri. Á það setti ég líka hjartalaga vasa til að stinga í litlum bréfum með ljóði og góðum minningum.

Með myndunum reyni ég aðeins



Mynd frá Alexandra.

að draga fram sögu foreldra minna. Í hægri horni er mynd af þeim ungum og þar fyrir neðan við systkinin, börnin þeirra. Húsin við hliðina á myndinni af mömmu og pabba eru bæirnir þar sem þau fæddust og ólust upp. Í vinstri horni er tákni um gestrisni þeirra og handverk, en kannan stendur á dúk sem mamma saumaði. Einnig saumaði hún rósakrans sem er undir glerplötu á borðinu en pabbi smíðaði borðið. Barnafötin á myndunum, kjóll og matrósaföt, eru tákni fatasaums mömmu. Myndin af pabba við fiðlusíði sína og fiðlan við hlið myndarinnar tákna starf hans seinni hluta ævinnar og einnig samsett mynd fyrir neðan, tákni lokalags, en bæði höfðu yndi af söng. Myndin af mömmu er tákni um starf hennar og árin milli andláts þeirra, en þau voru sjö. Þau létust bæði 85 ára gömul. Að lokum er

tákni sameiningar í kirkjugarði, samsett mynd af þæfðum engli og efri hluti legsteins þeirra.

Teppið er frekar lítið stungið, aðeins í kringum myndir er stungið með bláu, annars með hvítu. Þegar ég vann við teppið vöknudu margar góðar og skemmtilegar minningar og hver mínúta við verkið veitti mér gleði.

Anna Kristinsdóttir

Nýir eigendur Quiltbúðarinnar

Fyrr í sumar tóku hjónin Nancy Georgsdóttir og Árni Jóhannesson maður hennar við rekstri Quiltbúðarinnar á Akureyri.

Quiltbúðin er okkur bútasaumskonum að góðu kunn. Krístrún Geirsdóttir fyrrum eigandi Quiltbúðarinnar lést í vor og var mikil eftirsjá að henni og hennar góða rekstri og þjónustu við bútasauminn og aðrar hannyrðir.

Nancy er fædd í Hafnarfirði og ólst þar upp til 9 ára aldurs, flutti til Dalvíkur og bjó þar þangað til hún flutti ásamt manni sínum til Akureyrar um 21 árs aldur.

Nancy heyrði fyrst um bútasauð frá „eldri konum“ í vinnunni en skildi ekki þennan áhuga á að klippa falleg efni niður til að sauma þau saman aftur.

Í uppvexti Nancyjar var mikið um handverk því móðir hennar saumaði og þrjónaði á barnahópinum sem taldi 6 börn. Er Nancy fór að búa kom ekki til greina að verða eftirbátur móðurinnar enda mikil áhugamanneskja um fata-sauð og aðrar hannyrðir.

Nancy fór á textil- og hannyrðabraut Verkmenntaskóla Akureyrar og kynntist þá grunninum í bútasauð og þá varð ekki aftur snúið, bútapestin hafði tekið bólfestu.

2005 varð Nancy starfsmaður Quiltbúðarinnar er Krístrún í Bót keypti



Nancy að störfum.

hannyrðaverslunina Anney, þar sem Nancy starfaði og fylgdi hún með í kaupunum. Bót og Anney urðu síðan að versluninni Quiltbúðin. Þannig að Nancy er búin að starfa í versluninni meira og minna þessi 10 ár sem liðin eru frá stofnun hennar.

Nancy segir að árin í Quiltbúðinni hafi verið yndisleg enda hafi Krístrún verið frekar vinkona heldur en yfirmaður og jók hún þekkingu Nancyar á bútasauð til muna.

Nancy og Árni tóku ákvörðun um að kaupa Quiltbúðina eftir að Krístrún heitin féll frá og planið er að reka hana

með svipuðum hætti. Þau hafa fengið frábærar móttökur og allir hafa verið mjög yndislegir á þessum tíma. Hún vill þakka fyrir hlýjar kveðjur og góð viðbrögð og ætlar hún að gera sitt besta til að standa undir þessum rekstri.

Þess má geta að Löngumýrarhelgarnar verða á sínum stað og einnig önnur námskeið sem Quiltbúðin hefur haldið á liðnum árum.

Við óskum Nancy og hennar starfsfólki velfarnaðar.

Svala Stefánsdóttir



Quiltbúðin
bútasauður • handavinna • garn

ALLT TIL Í BÚTASAUMINN.

MUNIÐ HÚSMÆÐRAORLOFIN Á LÖNGUMÝRI!

ERUM MEÐ SAUMAVÉLAR OG FYLGIHLUTI FYRIR PFAFF OG HUSQVARNA.

HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ YKKUR

Opunartími er mánudaga-föstudaga 10:00-18:00 og laugardaga 11:00-14:00.



Teppin mín

Ég er ekki ein af þeim sem sauma mörg teppi á ári, en mig langar til þess að sýna ykkur þrjú teppi sem ég hef saumað á síðastliðnum þremur árum og gefið.

Það er skemmtileg saga í kringum efnið sem ég nota í barnateppinu, en hún er sú að mér áskotnaðist efni með

spennandi en að vita kyn barnsins. Faðir barnsins rekur ættir sínar til frumbyggja í Ástralíu og því kom ekki annað til greina en að nota þessi efni í teppið. Ég vildi hafa teppið með óvenjulegu munstri og fann þetta skemmtilega munstur á vefnum. Ljósu litirnir passa mjög vel við litina í Ástralíu og svo frumbyggja-

eftir. Það átti að ferma sonardóttur systur minnar á sama ári og ég ákvað að sauma teppi handa henni úr afgöngunum.

Barnateppið og fermingarteppið stakk ég sjálf, en Sæunn Thorarsen stakk brúðarteppið. Ég hafði mjög gaman af því að gera þessi teppi,



Barnateppi 111x144.



Bakhlíðin á teppi Anítu 111 x 144.

frumbyggjamynstri frá Ástralíu, einstaklega falleg efni og vönduð. Systurdóttir mín er gift manni frá Ástralíu og þau giftu sig hér á landi árið 2013 og fengu í brúðargjöf frá mér teppið sem er á baksíðunni. Í dag eiga þau dótturina Anítu Ósk sem situr á bakhlíð brúðargjafarinnar. Sjá mynd hér að neðan. En áfram með söguna. Ég var ákveðin í því að sauma teppi handa ófæddu barni þeirra og það vissi enginn hvort kynið barnið yrði, sem mér finnst vera meira

munstrið, en það má sjá margt í því sem tekur mið af lífríki álfunnar, sem er um margt ólíkt því sem gerist hér á landi.

Ég notaði afganga á bakhlíðarnar á teppunum og mér finnst það koma skemmtilega út. Efnið í brúðargjöfinni og fermingargjöfinni er frá Storkinum sem og ljósa efnið í barnateppinu. Brúðargjöfin og fermingargjöfin er mín hönnun.

Þegar ég var búin að sauma brúðarteppið átti ég helling af allskonar bútum

sérstaklega að hanna þau sjálf og spá og spekulera í litunum.

Margrét Óskarsdóttir



Bakhlíðin og Aníta.



Fermingargjöf.

Snjókornapúði

Efnismagn:

60 cm af lit 1.

20 cm af lit 2.

20 cm x 20 cm af hvítu efni

20 cm af flísófixi

Tölur eða smellur ef þið viljið.

Skerið tvo 8" búta af hvorum lit og leggið með réttur saman, strikið línu horn í horn og saumið sitt hvorum megin við línuna með ¼" saumfari.

Skerið á milli saumanna og strauðið vel. Þá erum við komin með 4 stykki af 7 ¼" blokkum. Saumið síðan blokkirnar saman eins og myndin sýnir. Passið að litirnir liggi ekki saman.

Þessi blokk endar í 14 1/2".

Skerið einn ferning 3 ½" af lit 1 og annan af lit 2 og saumið þá saman eins og stóra ferninginn í upphafi. Þá eruð þið með 4 litlar blokkir, 3" stórar. Strauðið vel.


Skerið tvær lengjur 14 ¼" x 3" af lit 1, og saumið þær ofan og neðan á blokkina.

Skerið tvær lengjur 14 ¾" x 3" af lit 1 og saumið litlu 3" blokkirnar við sitt hvorn endann á þeim og passið að láta lit 1 liggja við lit 2. Saumið nú lengjuna við langhlið púðans.

Nú er komið púðaborð sem er 19 ½" stórt. Hægt er að setja tölu í miðjuna á blokkinni í gegnum púðann eða jafnvel að setja snjókorn á miðjuna eins og myndin sýnir, eins má nota tölur sem snjódoппur á púðann.

Sníðið eitt stykki 19 ½" x 10" og annað sem er 19 ½" x 15" í bakstykkið á púðanum. Faldið aðra langhliðina á stykkjunum og leggið síðan með réttuna að réttunni á púðaborðinu og látið efnin víxleggjast. Hægt er að setja tölu eða smellu á bakið þannig að efnin gapi ekki. Saumið saman bakhlið og púðaborð, snúið við og stingið niður þar sem 14 ½" blokkir mætir kantinum.

Guðbjörg Helga Sigurðardóttir



Skorið á milli línanna.




Tveir bútar.



Bak- og framhlið.




Bakhliðin tilbúin.



Fjórir bútar saman.

Stjarna 10 cm.



Stjarna 15 cm.




Púði samsettur.



Tveir tilbúnir púðar.

Stjarna 20 cm.



Bjálki 2015

Dagana 9.–17. maí var haldin í Perlunni sýning á vegum félagsins undir heitinu Bjálki. Með sýningunni var stefnt að því að hafa heildaryfirbragð og því var ákveðið að hafa þema. Valið var að hafa verkin á sýningunni með bjálkamynstrinu að einu eða öllu leyti.

Tilnefningar til sýningarinnar voru í höndum fimmtíu félagsmanna. Sá háttur var hafður á að dregin voru út



Úr sýningasalnum.



Árstíðirnar í garðinum. Hluti af EQA farandsýningunni.

fimmtíu nöfn úr félagatalinu og áttu þau að velja eitt til þrjú verk hvert, sín eigin eða annarra. Má segja að veljendur hafi dreifst jafnt um allt land. Því miður voru nokkur vonbrigði að félagsmenn úti á landi voru tregir til að tilnefna verk. Þó komu sem betur fer nokkur verk af landsbyggðinni.

Á sýningunni var til sýnis EQA sýningin „Árstíðirnar í garðinum“, sem

samanstendur af verkum frá 16 aðildarlöndum. Var það mjög fjölbreytt og áhugaverð sýning. Eins og á undanförunum sýningum voru sýnd nokkur hetjuteppi, sem er samstarfsverkefni á vegum félagsmanna. Þau teppi eru gefin langveikum börnum.

Efnt var til töskusamkeppni í tengslum við sýninguna. Bárust fjórtán töskur, mjög fjölbreyttar að gerð og útliti, eins



Jólaþema sýningarinnar.

og við var að búast. Dómnefndinni var því nokkur vandi á höndum en komust að sameiginlegri niðurstöðu.

Vinningshafar voru:

1. Lovísa Jónsdóttir
2. Birna Baldursdóttir
3. Sunna Rey Sigurjónsdóttir

Til að kynna bútasam voru fengnar að láni saumavélar frá Pfaff sem lánaði vélar bæði frá Husquarna og Pfaff. Vélar voru notaðar af vösku fólki sem saumuðu af miklum móð meðan á sýningunni stóð. Nokkrir klúbbar tóku vaktir og voru heilan dag. Pétur Guðmundsson saumaði heilt teppi með bjálkakofamynstri meðan á sýningunni stóð. Síðan tók hann að sér að sauma teppi sem er greiðsla fyrir aðstöðuna í Perlunni. Perluna fengum við að láni yfir sýningartímann og sem þakklaeti fyrir það leggjum við til eitt teppi. Efnid í það teppi hafa félagsmenn gefið.



Árstíðirnar í garðinum. Franskur vetur.

Til að fjármagna sýninguna var haldin hlutavelta og gáfu félagsmenn stóra og smáa hluti í hana. Í stað þess

að hafa núll lagði félagið til gömul blöð og kort svo allir fengu vinning. Gekk þetta svo vel að gróði varð tölverður af sýningunni. Sá ágóði verður notaður til að fá kennara til landsins. Nánari kynning um það á félagsfundum og í tölvupósti.

Sýningin þótti takast vel í alla staði og skrifuðu um 3000 manns í gestabókina og skrifuðu þó ekki allir. Mikil vinna er samfara svona sýningarhaldi. En hún skilar sér alveg þegar gestir og gangandi eru ánægðir með hvernig til tókst. Þá er markmiði félagsins náð. Því eins og segir í lögum félagsins 2. gr. „Tilgangur félagsins er að styrkja áhuga og útbreiða þekkingu á bútasami og halda uppi samstarfi milli bútasamsfélaga og klúbba á Íslandi.“



Sólrún Sveinsdóttir, Guðný Benediktsdóttir, Hrönn Scheving, Guðrún Sólborg Tómasdóttir og Birna Baldursdóttir.

Ragnheiður Björnsdóttir



Hluti Evrópsku EQA samsýningarinnar sem var á rúmlega einum tank.



Pétur Guðmundsson og teppið sem hann saumaði.

Sýningin í Birmingham 2015

Sýningin í Birmingham var fjölbreytt. Sáð venju og nær þrjátíu þúsund manns komu til að sjá sýninguna, tíu sinnum fleiri en komu á Bjálkasýninguna í Perlunni. Margar sérsýningar voru á staðnum. Sýningahaldarinn telur EQA (evrópsku bútasaumsfélögin) mjög mikilvægan hóp á sýningunni, eins og greina má af því að þeir greiða hótelið fyrir okkur svo Íslenska bútasaumsfélagið borgar eingöngu farseðil fulltrúans á sýninguna. Mörg landanna taka þátt í ýmsum sérsýningum auk þess að koma með verk frá börnum.

Samkeppni fyrir börn

Ef einhversstaðar er t.d. skóli hér á landi, sem gert hefur skemmtilegt bútasaumsverk gæti verið gaman að senda það til samkeppni á sýningunni, öllum að kostnaðarlausu. Í tengslum við sýninguna er haldin samkeppni meðal barna á aldrinum 5-16 ára og þarf ekki að greiða þátttökugjald sé verkið sent á vegum Íslenska bútasaumsfélagsins. Þema næsta árs er „á ströndinni“, nánari upplýsingar á fangurbjorg@gmail.com.



Þetta verk fékk 1. verðlaun. Í verkinu eru yfir 40.000 bútar. Unnið af Joy Salvage.



Samverk 6 kvenna frá Belgíu. Hver ræma sýnir hús úr götu hverrar.



Fullt tungl.



Vettlingar prjónaðir – það má líka.



Prjónaðir vettlingar.

Prjónavettlingar

Frá sýningu sem hét „Quilters in Acton“ „Scandinavian Mittens“ eftir Gillian Travis. Teppið er 112 x 80 cm á stærð. Það má alveg hvíla sig á saumskapnum og prjóna búta í staðinn.

Ragnheiður Björnsdóttir.



Umhverfis blokkina, unnið af Jane Davies.

Ástríða í tónlist

Samsýning EQA

Nokkrar umræður voru um þessa næstu sýningar og kviknaði hugmynd um að senda póstkort. En til að koma í veg fyrir misskilning um að ekki þurfi að vera tvær hliðar eins og á venjulegu póstkorti var ákveðið að hafa þemað „kveðja að heiman“, 35 cm á breidd og 25 cm á hæð. Og efst í hægra horn á að setja frí-

merki frá landinu. Hvert land á að senda 16 verk. Vegna þess hvað erfitt reyndist að fá verk í síðustu samkeppni hefur mér dottið í hug að allir sem áhuga hafa á að taka þátt myndu hittast eina kvöldstund t.d. í mars og varpa fram hugmyndum að verkum. Í seinustu samsýningu voru þrír sem ekki höfðu tekið þátt áður og sýndi sig að þeir voru ekki eftirbátar

annarra. Þess vegna er ég sannfærð um að þetta sé réttur vettvangur til að byrja á því að koma verkum sínum á framfæri.

Myndirnar sem fylgja þessari grein eru af íslensku verkunum sem voru á sýningunni í sumar. Þemað var „Ástríða í tónlist“ eins og áður er getið.

Ragnheiður Björnsdóttir



Dagbjört Guðmundsdóttir - The Band.



Ragnheiður Björnsdóttir - Sigur Ros.



Ragnheiður Björnsdóttir - Mary Poppins.



Margrét Óskarsdóttir - The unknown symphony.



Olga Magnúsdóttir - Seasons in the sun.



Kristjana Möller - We are the world.



Kristjana Möller - Wedding Wals.



Hrönn Scheving - Vinyl and RED.



Dagbjört Guðmundsdóttir - Björk.



Birna Baldursdóttir - Fire.



Ragnheiður Steinbjörnsdóttir - The bringer of spring.



Lára Halldórsdóttir - Blues.



Jensína S Jóhannsdóttir - Golden Chords.



Lára Halldórsdóttir - The Singer.



Guðný Benediktsdóttir - Evry and Ibouny.



Hljómar - Ragnheiður Björnsdóttir.

Fjölbreytileiki Evrópu

Fundur EQA var mjög góður. Nýir fulltrúar komu inn fyrir Ítalíu, Írland og Svíþjóð. Grikkland er að sækja um aðild. Hvert aðildarland á að senda eitt verk á sýninguna „Fjölbreytileiki Evrópu“ og þurfa tilnefningar að berast fyrir 1. maí á fangurbjorg@gmail.com. Lágmarksstærð er 1 m á kant og hámark 2,5 m á kant. Minni á að fólk getur tilnefnt verk eftir aðra en sjálfan sig.

Ragnheiður Björnsdóttir



Teppi eftir Eygló Lúðvíksdóttur. Framlag Íslands á sýninguna: „Fjölbreytileiki Evrópu“.

Reykjanesið stórbrotna



Kynning hjá Kaffitári.

Nordangolan beit dálítið í glæðbeitt-ri sólinni einn fallegan laugardagsmorgun í apríl þegar félagar úr Búta-
saumsfélaginu lögðu upp í ferðalag um Reykjanes. Ragnheiður Björnsdóttir hafði skipulagt ferðalagið og lofaði góðri skemmtan.

Veðrið var fullkomið fyrir rútuferð. Vorsólin skein og inni í rútuinni var hlýtt og notalegt. Einhverjir höfðu með sér

handavinnu eins og eðlilegt má teljast í svona hóp og notalegt spjallið og stöku hláturroka settu þægilegan undirtón í ferðalagið.

Leiðin lá fyrst um Vatnsleysuveg að Vogum og á leiðinni sagði Ragnheiður frá ýmsu skemmtilegu og fróðlegu. Fyrsta stopp var í Kaffitári þar sem tekið var vel á móti hópnum með kaffi, smákökum og fróðleik um fyrirtækið,

kaffið og fleira. Kaffitár er rekið af mikilli hugsjón og gleði og greinilegt að starfsmenn deila hugmyndasmíðinni með eigandanum, Aðalheiði Héðinsdóttur, sem stofnaði fyrirtækið árið 1990. Vandlega er valið hvaðan kaffið kemur og langt nám þarf til að verða kaffibrennari með full réttindi. Væntalega gera fáir sér grein fyrir því hversu mikil vinna liggur að baki kaffisöpunum sem teygjaður er í eldhúsum, stofum og víðar. Starfsfólki er þakkað kærlega fyrir notalegt viðmót, feiknarlega skemmtilega fræðslu og góðar veitingar.

Bútaumur og krabbasúpa

Áfram héldu félagar, nú með kaffi og kökur í maga. Ekið var sem leið lá eftir ilinni á skaganum. Á leiðinni var tekinn upp ferðalangur sem reyndist betri en enginn í að segja sögur og var bæði sögum og sögumanni vel tekið. Maðurinn sá heitir Reynir Sveinsson og reyndist innsti koppur í búri í næstum öllu sem gerist og gerðist á skaganum. Ekið var gegnum Garð (merkilega stórt pláss) og hið fræga Miðnes barið augum



Góður strigi í kaffibaunapökunum.



Úr kaffipokum má flétta kórður.

með viðeigandi fræðslu. Í Sandgerði bar vel í veiði. Í safnaðarheimilinu hékk á vegg fallett bútasaumsteppi sem heldri borgarar höfðu unnið saman. Reynir sagði frá því að engu máli hefði skipt þó einhver kynni ekki að halda á nál, hann eða hún hefðu þá bara fengið verkefni við hæfi. Eins og sjá má á meðfylgjandi mynd sýnir teppið sr. Hallgrím Pétursson, Hvalsneskirkju og lýsir sorg hans við dótturmissinn.

Í Sandgerði er fleira en kirkja. Þar er líka gallery og verslanir með handgerða hluti og listaverk. Vorgolan kalda fór dálítið hratt um og íslenski fáninn blakti hressilega fyrir ofan Galleryið en inni var hlýtt og notalegt og margt að sjá og kaupa. Eftir það var haldið yfir götuna og inn í veitingahúsið Vitann þar sem beið lúxuskrabbasúpa. Á meðan borðað var og eftir matinn fengu ferðalangar fræðslu um grjótkrabbann sem þetta veitingahús sérhæfir sig í að elda á ýmsa vegu. Til að krydda ferðalagið enn frekar var boðið upp á að skoða lifandi krabba og skelfisk sem geymdur er bak við húsið, lifandi þar til rétt áður en viðskiptavinurinn fær hann á diskinn

sinn. Afar ferskt hráefni svo ekki sé meira sagt.

Frú Ragnheiður, sem hélt stíft um stjórnartaumana, ýtti ferðalöngum að lokum út í rútu því halda skyldi tímarammann.

Sorg séra Hallgríms

Ekið var að Hvalsneskirkju með sadda og dálítið værdarlega ferðamenn. Kirkjan kom í ljós, steinhlaðin og ótrúlega falleg. Frá rústustæðinu var gengið fram hjá hvítmáluðu hlíði í hlöðnum steinvegg sem umkringdi kirkjugarðinn. Reynir hélt fræðslunni áfram og nú var það sjálfur séra Hallgrímur Pétursson sem var söguhetjan. Þung hafa þau verið höggin hans við að meitla handa henni legstein rétt þriggja ára gamalli. Sagan varð ljóslifandi fyrir ferðalöngum í meðferð Reynis sem er afburða sögu- maður og þekkir vel til. Hann sagði líka frá byggingu kirkjunnar og ýmsu fleiru skemmtilegu. Og bætti því við að væntanlega væri eitt dýrasta salerni landsins við kirkjuna því ekki hefði mátt vera með kirkju í rekstri og ekkert salerni.

Eftir mátulegan heilagleika og sagna- gerð var aftur haldið í rútna. Heldur hafði bætt í vind og aðeins var kaldara en áður svo hitinn í rútna var vel þeginn. Ekið var sem leið lá að Stafnesi og sögur af björgunarsveitum og skipaskaða fylgdu. Ekin var leiðin að „neðanverðu“ og gamla langa girðingin meðfram vallarsvæðinu skoðuð og rædd.

Gamla herstöðin

Endapunkturinn á ferðinni var sleginn á gamla hersvæðinu þar sem nú er skóla-



Reynir Sveinsson sagði okkur frá Hallgrími Péturssyni.



Hádegisverður í Vitanum í Sandgerði.

byggð. Þar var Reynir kvaddur með lófaklappi og þakklæti fyrir sögurnar. Í gömlu herstöðinni sem nú heitir Keilir,

er m.a. til húsa nýsköpunarmiðstöð þar sem fjölmargir hönnuðir og hugmynda-smiðir hafa aðsetur. Margir þeirra voru á

staðnum og buðu gestina velkomna með veitingum og spjalli. Hægt var að kaupa ýmsan varning og notfærðu margir sér það. Það er afar skemmtilegt að koma þarna og sjá hvað búið er að gera úr því sem einu sinni var herstöð. Reyndar má víða sjá merki um herstöðina og þá starfsemi sem þar var en annars staðar er búið að breyta verulega.

Þegar öllu þessu var lokið var kominn tími til að fara heim. Heimkoman á bílastæðið við Austurveg passaði næstum upp á mínútu – enda hafði Ragnheiður gætt þess afar vel að halda tímann. Og pantað gott veður í þokkabót.

Ferðin var afar vel heppnuð og skemmtileg og nú er bara að bíða eftir þeirri næstu...

Vigdís Stefánsdóttir



Brúðgerðarmaðurinn Jón Bjarni Ísaksson heimsóttur.

Skýrsla formanns á aðalfundi Íslenska bútasaumsfélagsins 21. mars 2015

Kæru fundargestir. Velkomin á þennan 15. aðalfund Íslenska bútasaumsfélagsins. Síðasti aðalfundur var haldinn í safnaðarheimili Grensáskirkju 22. mars 2014.

Eftir hefðbundin aðalfundarstörf var „opið hús“, sýning á hetjuteppum, ferðatöskusala og örnámsskeið. Einnig voru sýnd 16 verk félagsmanna sem senda átti á sýningu EQA í Birmingham sumarið 2014. Eftir hádegishlé var kynning á ferð til USA. Jónas Þór frá Bændaferðum kynnti hugmynd að ferð til Seattle sem fara átti um haustið.

Þá komu til okkar systurnar Kristín og Jenný Garðarsdætur frá Sisters Redesign og sýndu þær kjóla sem þær hanna og sauma upp úr herraskyrturnum. Einnig voru þær með aðra hluti sem unnir voru upp úr pappír og djúsfernum og fleira skemmtilegt.

Vetrarstarfinu lauk svo með hinni óviðjafnanlegu óvissuferð. Haldið var austur fyrir fjall, á Selfoss, þar sem við fengum höfðinglegar móttökur hjá tískuvörusluninni Lindinni. Síðan var ekið að Hótel Rangá og snæddur hádegisverður. Á bakaleiðinni var komið við á Njálusetrinu þar sem við tókum vel á nálunum og saumuðum nokkur spor í Njálurefilinn stórkostlega.

24. september var fyrsti fundur haustsins 2014. Ragna Marinósdóttir frá Umhyggju kom og fræddi okkur um hetjuteppin sem félagar sauma og gefa til Umhyggju.

Ragnheiður Björnsdóttir EQA fulltrúi félagsins sýndi myndir frá Birmingham 2014. Sýninganefnd kynnti jólasamkeppnina, einnig var rætt um vorsamkeppnina (kom í ljós misritun á milli auglýsinga og texta í grein um sýninguna).

Sýnt og sagt frá: Fengum góðan féлага frá Stöðvarfirði, Önnu Maríu Sveinsdóttur sem sýndi okkur falleg verk sín ásamt 4 öðrum konum.

25. október var annar fundur haustsins, saumafundur sem haldinn var í Áskirkju. Ragnheiður Björnsdóttir leiðbeindi við saumaskapinn, aðferð þar sem saumað er samtímis í efri og neðri hluta blokkar.

Kynning var á gufustrauborði, algjöru galdratæki frá Rafheimilið ehf. og fulltrúi frá versluninni Storkurinn mætti með fallegar vörur. Um 40 konur sóttu fundinn.

26. nóvember var jólafundurinn. Gestur fundarins var séra Gunnar Sigurjónsson prestur í Digranesprestakalli. Sagði hann okkur skemmtilegar sögur frá fyrsta prestakalli sínu á Skeggjastöðum í Bakkafirði

Sýnd voru verk úr samkeppninni „Trú og friður“. Voru það aðeins fjórir sem tóku þátt í henni. Á boðstólum var að venju flottar rjóma- og brauðtertur sem rennt var niður með heitu súkkulaði og kaffi. Þá skiptust félagar á jólagjöfum sem voru nálapúðar.

28. janúar 2015 var fjórði fundur vetrarins. Guðfinna í versluninni Virku kom í heimsókn. Hún sýndi okkur aldagömul bútasaumskeppi sem hún á í safni sínu. Einnig var hún með kynningu á nýjustu vörum (Frosen efni) og örsýnikennslu á jólasokkum sem eru með ásaumuðum ullarefnum. Á eftir sýndi Sólvallaklúbburinn glæsiverk sín. Vel sóttur fundur, um 80 félagar og gestir mættu.

25. febrúar var fimmti og síðasti félagsfundur vetrarins. Þar var veðrið að stríða okkur og um tíma stóð til að fresta fundi, en þegar séð varð að vind myndi lægja og þar með draga úr snjókomu með kvöldinu var ákveðið með stuttum fyrirvara að halda fundinn. Á dagskrá var ferðasagan frá Seattle sem margir höfðu beðið eftir.

Margrét Björnsdóttir og Olga Magnúsdóttir sögðu okkur í máli og myndum frá ferðinni og sýndu smá brot

af því sem var verslað í bútasaumsbúðunum.

Sýnt og sagt frá: Sæunn Thorarensen afhenti 10 hetjuteppi sem hún var búin að stinga og Saumasystur hennar höfðu gengið frá.

Í dag 21. mars er aðalfundurinn. Að honum loknum hefst saumafundur. Jóhanna Aðalsteinsdóttir frá Ísafirði heimsækir okkur og ætlar að leggja fyrir þrjú spennandi verkefni.

Þá verður töskusala og sýning á Hetjuteppum.

Laugardaginn 25. apríl lýkur formlegu starfsári félagsins með óvissuferð.

9.–17. maí verður svo bútasaumsýningin **Bjálki í Perlunni**, til að minnast 15 ára afmælis Íslenska bútasaumsfélagsins, sem stofnað var 28. nóvember árið 2000. Sýnd verða fjölbreytt verk með bjálkakofa aðferðinni. Eftir verður til Töskusamkeppni og verk frá síðustu EQA sýningu í Birmingham verða einnig til sýnis.

Að lokum vil ég þakka samstarfskonum í stjórn samstarfið.

Í stjórn 2014-2015:

Lovísa Jónsdóttir formaður

Ragnheiður Björnsdóttir gjaldkeri

Olga Magnúsdóttir ritari


Margrét Björnsdóttir meðstjórnandi

Brynja Eggertsdóttir meðstjórnandi

Margét Ósk Árnadóttir varamaður

Herdís Haraldsdóttir varamaður

Lovísa Jónsdóttir formaður



EQA samsýningarverkefni 2016

„Kveðja að heiman“

Verkefnið er póstkort þar sem bara á að sýna framhliðina. Verkefnið er kveðja að heiman. Með því er átt við að þetta er verk yfir það sem kemur upp í hugann hjá hverjum og einum þegar nefnt er – kveðja að heiman -. Verkið á að vera með einu alvöru frímerki efst í hægra horni.

Stærð verksins á að vera 35 cm á breidd og 25 cm á hæð. Litaval er frjálst.

Skráningarblöð fyrir þetta verkefni verða send með tölvupósti strax eftir áramótin. Þangað til er hægt að nota tímann til að viðá að sér hugmyndum um kveðju að heiman.